

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 591/1993, um opinber innkaup og opinberar framkvæmdir á Evrópska efnahagssvæðinu.

#### 1. gr.

2. gr. orðist svo:

Eftirtalдар EBE-gerðir öðlast því gildi, sbr. 1. gr.:

1. Tilskipun ráðsins 93/37/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga.  
Þó skal ekki öðlast gildi I. viðauki við tilskipun þessa.
2. Tilskipun ráðsins 93/36/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um vörukaup.  
Þó skal ekki öðlast gildi I. viðauki við tilskipun þessa.
3. Tilskipun ráðsins 93/38/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti.  
Þó skal ekki öðlast gildi I.-X. viðauki við tilskipun þessa.
4. Tilskipun ráðsins 89/665/EBE frá 21. desember 1989 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna á reglum um meðferð kæru vegna útboðs og gerð opinberra vörukaupa- og verksamninga.
5. Tilskipun ráðsins 92/13/EBE frá 25. febrúar 1992 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla um beitingu á reglum bandalagsins um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti.
6. Tilskipun ráðsins 92/50/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um kaup á þjónustu.
7. Reglugerð (EBE/KBE) nr. 1182 frá 3. júní 1971 sem setur reglur um hvernig reikna beri tímabil, dagsetningar og fresti.  
Gerðir sem vísað er til í 4. og 7. tl. eru prentaðar sem fylgiskjöl með reglugerð þessari. Aðrar gerðir sem vísað er til eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfu bók 5, bls. 37-205.

#### 2. gr.

3. gr. orðist svo:

Við útreikning samningsfjárhæða skv. reglugerð þessari skal miðað við það gengi á evrópsku mynteiningunni (ECU) sem auglýst er af eftirlitsstofnun EFTA í EES-viðbætinum við Stjórnartíðindi EB.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda með síðari breytingum og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 29. ágúst 1994.*

F. h. r.  
**Snorri Olsen.**

---

*Áslaug Guðjónsdóttir.*

**AUGLÝSING****um samstarf um almannavarnir.**

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga um almannavarnir, nr. 94 29. desember 1962, sbr. lög nr. 85 2. júlí 1985, hefur verið ákveðið:

- a. að Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit og Glæsibæjar-, Öxnadals-, Skriðu-, Arnarnes-, Svalbarðsstrandar-, Grýtubakka- og Grímseyjarhreppar skuli hafa samstarf um almannavarnir og veita gagnkvæma aðstoð, og
- b. að Dalvíkurkaupstaður og Svarfaðardals-, Árskógs- og Hríseyjarhreppar skuli hafa samstarf um almannavarnir og veita gagnkvæma aðstoð.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um samstarf um almannavarnir, nr. 285 18. júní 1987.

Þetta tilkynnist hér með þeim sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. ágúst 1994.*

F. h. r.  
**Þorsteinn Geirsson.**

---

*Ólafur W. Stefánsson.*